

Ár 1994, miðvikudaginn 1. júní var í málinu nr. 6/1994 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

Ú R S K U R Ð U R:

Málavextir eru þeir að með bréfi dags. 3. maí 1994 kærir Ingólfur Þórisson f.h. Ríkisspítalanna til Yfirfasteignamatsnefndar synjun Reykjavíkurborgar á að fella niður fasteignaskatt 1992, 1993 og 1994 af fasteigninni Rauðarárstígur 31 í Reykjavík með tilvísun til 5. gr. laga nr. 91/1989 um tekjustofna sveitarfélaga sbr. ný lög nr. 90/1990.

Kærandi rökstuddi sjónarmið sitt frekar í kærubréfi þannig:

"Með kaupsamningi dags. 27. maí 1992 festi ríkissjóður kaup á fasteigninni Rauðarárstígur 31 hér í borg fyrir skrifstofu Ríkisspítalanna. Til þess tíma höfðu Ríkisspítalar haft húsnæðið á leigu um árabíl. Afhending eignarinnar var 1. febrúar 1992 og yfirtóku Ríkisspítalar strax réttindi og skyldur sem notkunar- og umráðaðili eignarinnar og hafa séð um rekstur hennar síðan. Nánar tiltekið er um að ræða steinsteypta skrifstofu- og þjónustubyggingu sem er 3 hæðir auk kjallara, samtals um 1440 m².

Í janúarmánuði 1993 barst fjármálaráðuneytinu giróseðill vegna álagningar fasteignagjalda varðandi umrædda fasteign. Með bréfi dags. 15. janúar 1993 fór ráðuneytið þess á leit við borgaryfirvöld að fasteignaskattur yrði felldur niður af eigninni. Var í því sambandi vísað til 5. gr. laga nr. 91/1989 um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. ný lög nr. 90/1990, þar sem einsýnt þótti að um sjúkrastofnun samkvæmt heilbrigðislögum væri að ræða. Beiðni þessari var synjað með bréfi dags. 4. febrúar 1993.

Með bréfi dags. 23. febrúar 1994 fóru Ríkisspítalar þess á leit við Reykjavíkurborg að fasteignaskattur yrði felldur niður af eigninni, en á þeim tíma var Ríkisspítölum ekki kunnugt um fyrrgreinda málaleitan fjármálaráðuneytisins og afgreiðslu hennar. Beiðni Ríkisspítala var hafnað með bréfi dags. 23. mars 1994. Tekið skal fram að fjármálaráðuneytið hefur falið Ríkisspítölum að annast frekari meðferð málsins.

Með vísan til 3. málsf. 3. gr. laga nr. 90/1990 um tekjustofna sveitarfélaga er fjórnefnd synjun borgaryfirvalda hér með kærð til háltvitrar Yfirfasteignamatsnefndar og leitað úrskurðar um ágreiningsefnið."

Í bréfi til borgarráðs frá lögfræði- og stjórnsýsludeild dags. 17. mars 1994 kemur þetta fram:

"Samkvæmt 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 91/1989 eru sjúkrastofnanir, skv. heilbrigðislögum, undanþegnar fasteignaskatti. Almennt ber að skýra undanþáguákvæði 5. gr. tekjustofnalaganna þröngt, þ.e. að ekki orki tvímælis að viðkomandi fasteignir falli undir undanþáguákvæðið. Sjúkrahús eru skilgreind í 24. gr. laga nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu. Sjúkrahús er hver sú stofnun, sem ætluð er sjúku fólki til vistunar. Starfsemi sem ríkisspítalar reka utan sjúkrahúsa fellur því ekki undir skilgreininguna sjúkrahús. Skrifstofur ríkisspítala að Rauðarárstíg 31 eru því ekki undanþegnar fasteignaskatti."

Þann 8. júní 1994 skoðaði Yfirfasteignamatsnefnd húsið Rauðarárstíg 31 í fylgd framkvæmdastjóra tæknisviðs Ríkisspítalanna, Ingófs Þórissonar, en húsið er eingöngu nýtt til skrifstofuhalds stofnunarinnar.


Ágreiningur í máli þessu varðar skyldu til að svara fasteignaskatti til Reykjavíkurborgar af eigninni Rauðarárstígur 31 í Reykjavík. Ágreinislaut er með aðilum málsins að sjúkrahús Ríkisspítalanna séu sjúkrastofnanir samkvæmt heilbrigðislögum í skilningi undanþáguákvæðis 1. mgr. 5. gr. laga nr. 90/1990 um tekjustofna sveitarfélaga. Á það ber að fallast með kæranda, að Ríkisspítalar verða ekki reknir nema með yfirsjórn og skrifstofuhaldi. Ástæða þess að framangreind starfsemi Ríkisspítalanna hefur verið flutt að Rauðarárstíg 31 er sú, að ekki hefur reynst unnt að koma henni fyrir í húsnæði Ríkisspítalanna á Landspítalalóðinni.


Með hliðsjón af framansögðu er það álit Yfirfasteignamatsnefndar að sú starfsemi, sem fer fram að Rauðarárstíg 31 í Reykjavík, sé hluti af nauðsynlegum og eðlilegum rekstri Ríkisspítalanna og fasteignin því undanþegin fasteignaskatti á meðan slík starfsemi fer þar fram sbr. 5. gr. laga nr. 90/1990.


Ríkissjóður varð eigandi fasteignarinnar Rauðarárstígur 31 með kaupsamningi frá 27. maí 1992. Yfirfasteignamatsnefnd telur að fasteignin sé undanþegin fasteignaskatti sem lagður er á eftir þann tíma. Samkvæmt því er fasteignin undanþegin fasteignaskatti árin 1993 og 1994.

ÚRSKURÐARORÐ:

Fasteignin Rauðarárstígur 31 í Reykjavík er undanþegin greiðslu fasteignaskatts.


Andrés Svanbjörnsson


Pétur Stefánsson


Agnar Guðafsson